

Lulu Munk Andersen,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ráðhús Borgarbyggðar
Borgarbraut 14
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141000188/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu aðalskipulags Borgarbyggðar. Frístundabyggð í landi Ölvaldsstaða II.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 í landi Ölvaldsstaða II. Áætlað er að breyta landnotkun þriggja spildna í landi Ölverstaða II úr landbúndarsvæði í frístundabyggð og skógrækt.

Votlendi


Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að votlendi skerðist ekki frekar og bendir í því tilliti á hverfisverndað votlendi innan áætlaðs svæðis fyrir frístundabyggð og skógrækt.


Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir að ganga þarf frá vel rotþróm og lágmarka skal allt rask. Einnig bendir stofnunin á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.br.

Að gefnu tilefni bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að auk ofangreindrar lýsingar verði sjálf deiliskipulagstillagan send til umsagnar til stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri